

*Brjef stjórnarráðsins til stjórnar Landsbankans um afgreiðslutíma landsfjehirðis.* **1**

17. marz

Samkvæmt ósk landsfjehirðis í brjefi, dagsettu 8. þ. m., sem fylgdi brjefi hinnar heiðruðu stjórnar Landsbankans, dags. 10. þ. m., veitir stjórnarráðið hjer með samþykki sitt til þess, að afgreiðslutími landsfjehirðis síðari hluta dags framvegis verði frá kl. 4—5 og 3 fyrstu daga mánaðarins frá kl. 4—6, en að öðru leyti eins og ákveðið er í reglugjörð, dags. 20. des. 1904, um framkvæmd Landsbankans á störfum landfógeta.

Framan nefnda breytingu á afgreiðslutímanum ber að auglýsa rækilega.

*Brjef stjórnarráðsins til fasteignamatsnefndar um fasteignamat.* **2**

2

Þjer hafið, herra fasteignamatsnefndarformaður, í brjefi dagsettu 27. jan. **21. marz** þ. á., beint eftirfylgjandi spurningum til stjórnarráðsins:

1. Hvort virða beri öll hús á jörðum og í kaптúnunum, eins og þau koma fyrir, þegar skoðun matsnefndar fer fram, og bendið þjer í því sambandi á, að t. d. geti komið fyrir, að á jörðu sje gömul baðstofa eða engin baðstofa, þegar matsnefnd skoðar, en ný og góð baðstofa, þegar mati er lokið 1918, ennfremur að hús í kaптúni sje í smiðum, þegar skoðun fer fram, en þó fullgjört áður en fasteignamati er lokið.

2. Hvort tilfæra beri nöfn eigenda og notenda fasteigna samkvæmt skýrslu hreppstjóra, eða eins og þau voru á þeim tíma, sem mat fer fram, ef breytingar hafa orðið þar á frá því skýrsla hreppstjóra var gefin.

Ad 1. Stjórnarráðið verður að álíta, að fasteignamatsnefnd beri að taka tillit til umræddra breytinga, er verða á húsum jarða og byggingum í kaптúnunum á meðan matið stendur yfir, þannig að verð húsanna, að svo miklu leyti sem mögulegt er, sje ákveðið eftir því hvers virði húsín eru um það leyti sem matinu er lokið.

Ad 2. Sömu leiðis verður stjórnarráðið að álíta, að fasteignamatsnefnd beri að tilfæra í matsgjörðinni nöfn eigenda og notenda fasteigna eins og þau eru, þegar matið fer fram, án tillits til þess þó breyting hafi orðið þar á frá því hlutadeigandi hreppstjóri gaf skýrslu sína.